

129

21. des.

66. gr.

Sjóður þessi nefnist **Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins**, og skal fé hans varið til þess að standa straum af verklegum framkvæmdum stofnunarinnar til bættra húsakynna, vélakaupa og annarrar verklegrar útfærslu í rekstri stofnunarinnar.

67. gr.

Fé úr framkvæmdasjóði má aðeins verja samkvæmt því, er greinir í 66. gr., enda liggja fyrir hverju sinni heimild menntamálaráðuneytisins. — Þó getur ráðherra mælt svo fyrir, að fé sjóðsins megi verja til rekstrar Ríkisútvarpsins, ef aðrar tekjur þess hrökkva ekki til.

IX. KAFLI

68. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum. Þó skulu brot gegn 55. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið með sem almenn lög-
reglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld: Reglugerð nr. 10, dagsett 24. jan. 1936, um útvarpsrekstur ríkisins, og viðaukar við þá reglugerð, dagsettir 4. marz 1937 og 22. marz 1944.

Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1944.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

130

16. sept.

REGLUGERÐ

um holræsi í Patrekshreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýða í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppsþjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar

sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 25.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir: 130 16. sept.

Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist 5 ‰

Af næstu kr. 5000.00 greiðist 3 —

Af því, sem þar er fram yfir, greiðist 1,5—

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. — Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 200.00, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. — Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldóru Snorra- dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. sept. 1944. 131 18. sept.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Minningarsjóð Halldóru Snorradóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldóru Snorradóttur, og er stofnaður til minningar um hana, en hún var fædd 10. febr. 1841 að Arnarholti í Biskupstungum, þar sem hún ólst upp í föðurgarði, og bjó síðan þar til eiginmaður hennar féll frá. Hún andaðist að Höfða 12. nóvember 1932 á heimili sonar síns, Víglandar bónda Helgasonar, þá blind orðin fyrir mörgum árum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3050 — þrjú þúsund og fimmtíu — krónur frá samtíðar- mönnum og rættlingjum Halldóru, sem gefa það til minningar um hina látnu konu. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta árlega, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blint og aldrað fólk í Biskupstungnahreppi.